



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 - Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2019

Efni: Athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Þingskjal 842 — 513. Mál.

Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa fagnar ofangreindu frumvarpi og telur það framfaraskref, að auka eigi aðgengi að viðtalsmeðferð. Fagdeildin gerir hins vegar athugasemdir við að einungis er gert ráð fyrir að ein fagstétt sinni meðferðinni.

Meðferðarstofur í einkarekstri eru reknar af ýmsum fagstéttum s.s. félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum, iðjubjálfum, sálfræðingum og þroskabjálfum og nauðsynlegt að frumvarpið taki mið af því. Félagsráðgjafar hafa menntun og réttindi til að sinna klínískri viðtalsmeðferð einstaklinga og fjölskyldna. Félagsráðgjafar hafa margir hverjir sérhæft sig í fjölskyldu-, hjóna/para- og einstaklingsmeðferð auk handleiðslu, sáttamiðlunar og skilnaðarráðgjafar.

Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa telur mikilvægt að aðgengi að viðtalsmeðferð sé gott enda hafa rannsóknir sýnt að það eykur líkur á bættri líkamlegri og andlegri heilsu og jákvæðum samskiptum í víðu samhengi s.s. innan fjölskyldna og vinnustaða, svo dæmi séu tekin. Þetta á við bæði um börn og fullorðna. Fólk á öllum aldri og mismunandi þroskaskeiðum getur haft mikinn hag af því að eiga gott aðgengi að viðtalsmeðferð.

Sýnt hefur verið fram á að hugmyndafræði þjónustu sem byggir á heildrænni sýn með áherslu á lýðræðislegt samstarf, samábyrgð, samskipti og samráð, veiti betri klíníska útkomu og dregur úr þörf á sértækri þjónustu og er um leið fjárhagslega hagkvæm (Cambridge og Parks, 2006; Grumbach og Bodenheimer, 2004; Long, Grayson og Boaz, 2006; Pinosof og Wynne, 2000).

Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin (WHO) gerir grein fyrir því í skýrslu frá 2002 að fjárhagslegir og félagslegir þættir ráði mestu um heilsufar þjóða, þjóðfélagshópa og einstaklinga. Sérstök áhersla er lögð á að heilbrigðismál verði að skoða í nánú samhengi við félagslega velferð.

Þó flestir ættu að geta nýtt sér fyrsta stigs þjónustu hjá opinberum stofnunum þá verður alltaf hópur sem vill nýta sér annars stigs þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Almennigur verður að hafa val milli þjónustustiga og ólíkra fagstétta með ólíkar áherslur í viðtalsmeðferð. Eitt þarf ekki og á ekki að útiloka annað í þessu sambandi. Viðtalsmeðferð sem sjálfstætt starfandi félagsráðgjafar veita ætti því að vera aðgengileg öllum sem vilja nýta sér slíka þjónustu. Nauðsynlegt er að fagaðilar sem veita sálfélagslega þjónustu hafi löggild starfsréttindi og að einkarekar viðtalsmeðferðarstofur hafi tilskilin rekstrarleyfi.

Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa leggur til eftirfarandi orðalagsbreytingu á frumvarpinu:

Lagagrein eins og hún er sett fram í frumvarpinu:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:
Sálfræðimeðferð.

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar sálfræðimeðferðar sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Sjúkratryggingastofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings, heimilislæknis eða sérfræðilæknis um nauðsyn meðferðar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðslupátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við sálfræðimeðferð.

Breytingartillaga Fagdeildar sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Viðtalsmeðferð

Sjúkratryggingar taka til nauðsynlegrar **viðtalsmeðferðar** sem samið hefur verið um skv. IV. kafla. Sjúkratryggingastofnunin getur áskilið vottorð sérfræðings, heimilislæknis eða sérfræðilæknis um nauðsyn meðferðar.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar þar sem m.a. er heimilt að kveða á um nánari skilyrði og takmörkun greiðslupátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við **viðtalsmeðferð.**

Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa er tilbúin að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Elisabet Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur, Reykjavík
Elsa Inga Konráðsdóttir, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur/handleiðari, Sálfræðistofa Reykjavíkur
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi, Hafnarfirði
Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur/handleiðari, Reykjavík
Hanna Björg Héðinsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi Skref Fjölskylduráðgjöf Norðurlands, Akureyri
Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi, Hafnarfirði
Ingibjörg Þórðardóttir, félagsráðgjafi Akureyri
Íris Eik Ólafsdóttir, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur, Domus Mentis geðheilsustöð, Reykjavík
Jóna Ólafsdóttir, félagsráðgjafi/áfengis- og vímuefnaráðgjafi, Reykjavík
Katrín Guðný Alfreðsdóttir, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur, Vegvísir, Hafnarfirði
Svanhildur Ólafsdóttir, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur, Selfossi
Sveindís A. Jóhannsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi/handleiðari, Félagsráðgjafinn, Garðabæ
Valgerður Halldórsdóttir, félags- og fjölskylduráðgjafi/sáttamiðlari, Stjúptengsl, Hafnarfirði
Theodór Francis Birgisson, félagsráðgjafi, Lausnin, Kópavogi
Þorleifur Kr. Niélsson, félagsráðgjafi/fjölskyldufræðingur/handleiðari/sáttamiðlari,
Skref Fjölskylduráðgjöf Norðurlands, Akureyri